



Framkvæmda- fréttir 29. tbl. /06

Viðurkenning Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja sem lokið var við á árunum 2002-2004
Norðausturvegur (85) á Tjörnesi



Dómnafnd vegna viðurkenningar Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja hefur lokið störfum og ákveðið að framkvæmdin Norðausturvegur (85) á Tjörnesi skuli hljóta viðurkenningu að þessu sinni. Til greina komu verk sem lokið var við á árunum 2002-2004. Viðurkenningarskjöl voru afhent á Akureyri 26. október. Það voru Norðaustursvæði Vegagerðarinnar og verktakinn Ístak hf. sem tóku á móti viðurkenningunum.

Þessi viðurkenning hefur einu sinni áður verið veitt og var það fyrir mannvirki sem lokið var við á árunum 1999-2003. Þá var það Vatnaleið sem var valin.

Greinargerð dómnafndar

Á síðasta ári (2005) var gefin út orðsending um reglur um viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja (nr. 8/2005). Í framhaldi af því var skipuð dómnafnd

Ráðstefna um rannsóknir

Munið ráðstefnu Vegagerðarinnar um rannsóknir þann 3. nóvember næstkomandi. Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is.

til að annast mat og veitingu viðurkenningarinnar. Í nefndina voru skipuð þau; Guðmundur Arason, Helgi Hallgrímsson og Ásrún Rúðólfsdóttir (formaður). Helgi Hallgrímsson baðst lausnar frá verkefninu fljótlega eftir að það fór af stað og var Eymundur Runólfsson skipaður í hans stað. Er þetta í annað sinn sem slík viðurkenning er veitt hjá Vegagerðinni.

Samkvæmt áðurnefndum reglum skal umhverfisnefnd hvers umdæmis tilnefna 2-5 mannvirki, sem lokið var við á árunum 2002-2004. Verkefni dómnafndar er að velja þrjú til fimm bestu verkefni, raða eftir gæðum og hlýtur besta verkefnið viðurkenningu.

Alls voru tilnefnd tuttugu og eitt verkefni úr öllum umdæmum. Dómnafndin skoðaði öll mannvirkin og mat þau. Við það mat var bæði horft til hönnunar og útfærslu. Litið var til upplifunar vegfarenda, aðlögunar að landi, frágangs o.fl. atriða. Þá var einnig tekið tillit til þess hve erfið verkefni voru að mati nefndarinnar. Þessi atriði voru síðan vegin saman og heildarniðurstaðan réð vali dómnafndar.

Valið miðar að því að draga fram það, sem best er gert í vegamannvirkjum á umræddu tímabili. Valið var erfitt því að mörg þeirra verkefna, sem dómnafndin skoðaði voru mjög vel af hendi leyst. Valið byggist á mati dómnafndarmanna,

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 29. tbl. 14. árg. nr. 450 30. október 2006

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Reykjanesbraut (41), endurbætur um Hafnarfjörð.



Vestfjarðavegur (60) um Bröttubrekku.

tilfinningu þeirra og smekk, og verður það því alltaf umdeilanlegt.

Það er mat dómnefndar að hönnun þeirra mannvirkja sem skoðuð voru, hafi í flestu tekist vel, en frekar megi finna að útfærslu og frágangi þeirra. Þar má benda á nokkur atriði, sem koma fyrir.

Gróft burðarlagsefni nær út í yfirborð vegfláans og torveldar jöfnun og uppgræðslu. Í sumum tilvikum er reyndar um að ræða ákvörðun hönnuðar um að svona skuli frágangurinn vera. Línur í bríkum brúa eru á stundum flöktandi. Skeringar eru oft brattar, stundum of brattar að mati dómnefndar og skapa hættu vegna grjóthruns í skurði á vegsvæðinu. Hætta er á slysum vegna þessa ef útafakstur verður.

Dómnefndin vill vekja athygli vegagerðarfólks á þessum atriðum og hvetja það til að gefa þeim gaum.

Niðurstaða dómnefndar varð sú að velja sex verkefni, sem skáru sig nokkuð úr að hennar mati. Nefndin valdi síðan eitt af þessum mannvirkjum til viðurkenningar en taldi ekki efni til að raða hinum fimm. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir mati dómnefndar á þeim mannvirkjum, sem hún taldi skara fram úr.

Reykjanesbraut (41), endurbætur um Hafnarfjörð

Vel hönnuð mannvirki við krappar aðstæður. Sérstaklega má benda á mannvirki sem snúa að mjúkum vegfarendum, svo notuð séu orð umhverfisnefndar, og frágang þeirra.

Brýr sunnan til á kaflanum og undirgöng við Læk og frá Lækjarskóla eru mjög vel hönnuð mannvirki og vel byggð. Frágangur er allur í góðu lagi, bæði gróður og hleðslur.



Vestfjarðarvegur (60), Múli-Vattarnes.

Vestfjarðavegur (60) um Bröttubrekku

Kaflinn sem tilnefndur er ætti að ná að Suðurá, ekki Austurá að mati dómnefndar.

Aðlögun að landi hefur tekist vel þrátt fyrir þröngar aðstæður á nokkrum stöðum, svo úr verður mjög fallegur vegur í fögru landslagi.

Frágangur er nokkuð góður eins og segir í umsögn umhverfisnefndar, en við Bjarndalsá er missig og aflögun á kassahleðslu orðið nokkuð áberandi. Skeringar í lélegu bergi eru sums staðar of brattar að mati dómnefndar.

Vestfjarðarvegur (60), Múli-Vattarnes

Veglína í heild er í góðu lagi og vegurinn fellur vel inn í landslagið, þrátt fyrir krappar beygjur sem landslagið krefst. Lágmarksrót hefur orðið á gróðri sem fyrir var og sáning er góð.

Brúin á Múlaá er mjög falleg og mjög vel frágengin í alla staði. Bergskeringar eru fullbrattar að mati dómnefndar og stíflur í skurðum við veginn full stórar. Slyshætta vegna grjóthruns var skoðuð sérstaklega.

Þverárfjallsvegur (744)

Heildarupplifun af mannvirkinu er mjög jákvæð og hönnun og veglína mjög góð. Frágangur er góður á flestum stöðum, en frágangi við neðri enda ræsis við Þverá er þó ábótavant. Skeringar eru vel útfærðar, en einhverjar misfellur eru í burðarlagi.



Þverárfjallsvegur (744).



Norðausturvegur (85) á Tjörnesi og áningastaður á Teigsbjargi.

Norðausturvegur (85) á Tjörnesi og áningastaður á Teigsbjargi

Kaflinn er um 11 km langur, frá Bangastöðum á Tjörnesi, um Fjallahöfn og Lónsós að Víkingavatni. Hönnun vegarins lýsir áráðni, sem hefur gengið upp og niðurstaðan er góð lausn. Veglínan er mjög falleg, en nokkuð stíf og heildarupplifun góð. Grjóthrun er nokkuð úr bröttum bergskeringum, en þess hefur verið gætt að hafa öryggissvæði (skurði) nægilega breið til að fyrirbyggja hættu. Áningastaðurinn er mjög vel heppnaður og gróðurþekja mjög vel gerð. Nefna verður þó að óregla er í hæðarlegu brúar á Lónsós og úlitsgalli er á bríkum.

Viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang að þessu sinni hlýtur Norðausturvegur á Tjörnesi og áningastaður á Teigsbjargi.

Um hönnun vegar og brúar sá hönnunardeild Vegagerðarinnar á Akureyri og brúardeild Vegagerðarinnar í Reykjavík. Hönnun áningarstaðar var í höndum hönnunardeildar Vegagerðarinnar á Akureyri og fyrirtækið Teikn á lofti ehf.

Um eftirlit og umsjón framkvæmdar sá framkvæmdadeild Vegagerðarinnar á Akureyri og verktaki var Ístak hf.

Verktaki við smíði brúar var Vík ehf. trésmiðja.

Verktaki við gerð áningarstaðar var Garðyrkjupjónustan græna lauf ehf.

Frá dómnefnd

Dómnefnd sú, sem skipuð var til að annast veitingu þessarar viðurkenningar Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja, er nú að ljúka störfum. Dómnefndin hefur í störfum sínum tekið mið af orðsendingu nr. 8/2005 um reglur um slíka viðurkenningu.

Í einu atriði hefur nefndin farið á svig við reglurnar. Þar segir að velja skuli fimm mannvirki og velja eitt til viðurkenningar. Dómnefndin valdi sex, þar sem ekki þau þóttu öll nokkuð sambærileg hvað einkunnagjöf varðaði.

Eitt verkefni var tekið út úr mati, en það er Þjórsárbrú. Því verkefni er ekki lokið og er frágangur reiðvegjar þar enn í gangi. Dómnefndin ákvað að meta það ekki hálfklárð, heldu leggur hún til að það verk verði metið þegar því er lokið að fullu.

Það er mat dómnefndar að þau mannvirki sem voru tilnefnd að þessu sinni séu um margt betri en áður hefur verið, en ekki skal mat lagt á hvort tilurð þessarar viðurkenningar



Hringvegur (1), Langidalur-Vegaskarð.

Hringvegur (1), Langidalur-Vegaskarð

Vel gerður vegur og veglína í gegnum skarðið mjög vel heppnuð í alla staði. Sáning hefur misfarist þar sem nærgróður er fyrir austan Vegaskarð og eins þar sem farið er um skarðið. Aðlögun vegar að landi er mjög góð. Hrun úr skeringum olli áhyggjum í upphafi skoðunar, en við nánari skoðun kom í ljós að breidd skurðar er í góðu lagi.

eigi þar einhvern þátt í eða eingöngu metnaður allra þeirra sem koma að þessum verkum.

Nokkrar tafir hafa orðið á störfum dómnefnda að þessu sinni og er ein orsök sú að tilnefningar bárust seint árið 2005 og dómnefnd gat ekki skoðað mannvirkin haustið/veturinn 2005 vegna snjóá. Því leggur dómnefndin til að tilnefningar verði tilbúnaðar snemma árs það ár sem viðurkenninguna á að veita.

Dómnefnd getur þá notað vor og sumar til að meta mannvirkin og viðurkenningin verði afhent að hausti.

Í störfum sínum hefur dómnefndin komist að því að ekki hentar að nota sömu viðmið fyrir öll mannvirki, það vill segja að erfitt er að meta hefðbundið vegamannvirki og frágang námu með sömu aðferðinni. Því vill dómnefndin varpa þeirri spurningu fram hvort matsflokkar eigi að vera fleiri en einn, þannig að allar tegundir mannvirkja og frágangur þeim njóti sannmælis.

Í störfum sínum hefur dómnefndin fundið fyrir vaxandi áhuga á þessu máli meðal starfsmanna Vegagerðarinnar. Því er vonast til að veiting viðurkenningarinnar hvetji Vegagerðarfólk til að leggja sig stöðugt fram við hönnun, gerð og frágang mannvirkja. Með tilliti til þessa er það skoðun nefndarinnar að halda beri áfram þessu starfi.

Að lokum vill dómnefndin þakka yfirstjórn Vegagerðarinnar traust það sem henni var sýnt, svo og starfsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf.

Reykjavík, í október 2006
Ásrún Rúdólfsdóttir
Eymundur Runólfsson
Guðmundur Arason

Yfirlit yfir útboðsverk

Fyrirhuguð útboð		Auglýst: dagur, mánuður, ár	
06-073	Drangsnesevegur (645), Strandavegur - Drangsnesevegur	07	
06-031	Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07	
06-029	Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07	
06-027	Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	07	
06-028	Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur-Djúpvegur	07	
06-026	Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi-Lýtingsstaðir	07	
06-004	Norðausturvegur (85), Hólfaskarðsleið	07	
06-006	Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07	
06-007	Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07	
06-072	Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	07	
06-074	Hringvegur (1), varnargarðar vestan Skeiðarár	20.11.06	
06-017	Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	04.12.06	
06-048	Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði	06.11.06	
06-030	Útnesvegur (574), Háahraun - Hella	06.11.06	
06-005	Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	13.11.06	
Auglýst útboð		Auglýst: Opnað:	
06-024	Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná	30.10.06	05.12.06
06-023	Blöndudalsvegur (733)	23.10.06	07.11.06
06-015	Ferjubakkavegur (530) um Gufá	16.10.06	31.10.06
06-022	Uxahryggjavegur (52), Kaldadalsvegur - Sandkluftavatn	09.10.06	31.10.06
05-047	Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2	09.10.06	31.10.06
Útboð á samningaborði		Auglýst: Opnað:	
06-071	Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	09.10.06	24.10.06
06-065	Hríseyjarferja 2007-2011	28.08.06	10.10.06
05-038	Garðskagavegur (45) um Sandgerði	26.06.06	11.07.06

Niðurstöður útboða

Veigastaðavegur (828), Hringvegur – Eyjafjarðarbraut eystri 05-071				
Tilboð opnuð 24. október 2006. Endurbygging 3,6 km kafla Veigastaðavegar (828), milli Hringvegar og Eyjafjarðarbrautar eystri, og 0,3 km kafla Leifsstaðavegar (8210). Helstu magnþölur eru:				
Bergskering	2.400 m ³			
Fylling	20.500 m ³			
Fláafleygar	13.900 m ³			
Neðra burðarlag	21.100 m ³			
Efra burðarlag	6.800 m ³			
Tvöföld klæðing	27.800 m ²			
Ræsalögn	310 m			
Verkinu skal að fullu lokið 15. ágúst 2007.				
nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	G. Hjálmarsson, Akureyri	68.980.000	108,8	10.104
---	Áætlaður verktakakostnaður	63.380.000	100,0	4.504
2	Icefox, Akureyri	63.221.750	99,8	4.346
1	Árni Helgason, Ólafsfirði	58.875.700	92,9	0

Auglýsingar útboða

Djúpvegur (61),

Reykjanes - Hörtná 06-024

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í að byggja 14,5 km kafla Djúpvegar, frá Rauðagarði á Reykjanesi að Hörtná vestan Mjóafjarðar. Innifalið í verkinu er m.a. að gera fyllingu á Mjóafjörð og Reykjafjörð og byggja þrjár brýr, 130 m stálbogabrú á Mjóafjörð, 60 m spennna bitabrú á Reykjafjörð og 10 m steypa plötubrú á Vatnsfjarðarós. Verkið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Helstu magnþölur eru:

Vegagerð

Efnisvinnsla	35.200 m ³
Sprengingar	360.000 m ³
Undirbygging	540.000 m ³
Neðra burðarlag	66.000 m ³
Efra burðarlag	30.000 m ³
Klæðing	113.000 m ²
Rofvarnir	57.500 m ³
Frágangur fláa	400.000 m ²

Brú á Reykjafjörð

Vegrið á brú	120 m
Gröftur fyrir sökklum	1.300 m ³
Mótafletir	1.166 m ²
Steypustyrktarjárn	33.160 kg
Spennat jarnalögn	8.600 kg
Steypa	540 m ³
Legur	6 stk.

Brú á Vatnsfjarðarós

Vegrið á brú	20 m
Gröftur fyrir sökklum	900 m ³
Mótafletir	699 m ²
Steypustyrktarjárn	14.100 kg
Steypa	164 m ³

Brú á Mjóafjörð

Vegrið á brú	260 m
Gröftur fyrir sökklum	1.200 m ³
Mótafletir	1.400 m ²
Steypustyrktarjárn	105.100 kg
Steypa	853 m ³
Forsteyptar plötur	1.201 m ²
Smíði og uppsetning boga	146,6 tonn
Smíði og uppsetning stálbita	172,0 tonn
Smíði og uppsetning hengistanga	18,7 tonn
Stálvirki, hreinsun	1.620 m ²
Stálvirki, málun	2.440 m ²
Stálvirki, málmhúðun	1.620 m ²
Stálvirki, heitgalvanhúðun	1.560 m ²
Legur	8 stk.

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 31. október 2006. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 5. desember 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.